

Breyting á lögum nr. 28/2001, um rafrænar undirskriftir.

54. gr.

Á eftir orðunum „á Evrópska efnahagssvæðinu“ í b-lið 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

55. gr.

Á eftir orðunum „á Evrópska efnahagssvæðinu“ í a-, b- og c-lið 22. gr. laganna kemur: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

X. KAFLI
Gildistaka.

56. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 27. mars 2003.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

LÖG**um breytingu á lögum nr. 33 16. apríl 2002,
um eldi nytjastofna sjávar.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 4. gr. laganna koma tvær nýjar greinar og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því:

a. (5. gr.)

Ráðherra fer með yfirstjórn sjúkdómamála er varða dýr sem lög þessi ná til. Honum til aðstoðar er fisksjúkdómanefnd, sbr. 78. gr. laga nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, eftir því sem við á varðandi sjávardýr.

b. (6. gr.)

Heimilt er að flytja til landsins frá eldisstöð sjávardýr er lög þessi ná til, óháð þroskastigi, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð til eldis í eldisstöð, enda skal innflutningurinn háður skilyrðum reglugerðar sem sjávarútvegsráðherra setur, að höfðu samráði við embætti yfirdýralæknis. Við innflutning skal framvísa skriflegri staðfestingu yfirdýralæknis um að uppfyllt séu skilyrði samkvæmt þessu ákvæði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. mars 2003.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Árni M. Mathiesen.

LÖG**um breytingu á sveitarstjórnarlögum,
nr. 45/1998, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

44. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Hlutverk og valdsvið nefnda.

Sveitarstjórn ákveður valdsvið nefnda, ráða og stjórna sem hún kýs nema slíkt sé ákveðið í lögum.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð getur sveitarstjórn ákveðið í samþykkt sveitarfélagsins, sbr. 10. gr. þessara laga, að fela nefnd, ráði eða stjórn sveitarfélagsins fullnaðarafgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarfélagsins nema lög eða eðli máls mæli sérstaklega gegn því.

Á sama hátt og með sömu skilyrðum og getur í 2. mgr. er sveitarstjórn heimilt að fela öðrum aðilum innan stjórnarsýslu sveitarfélagsins fullnaðarafgreiðslu mála. Sveitarstjórn, byggðarráð eða hlutaðeigandi nefnd skal hafa eftirlit með afgreiðslu mála samkvæmt þessari málsgrein og kalla eftir reglulegum skýrslum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli hennar.

Sá aðili sem fengið hefur framselt vald til fullnaðarafgreiðslu skv. 3. mgr., eða þriðjungur fulltrúa ef um nefnd, ráð eða stjórn er að ræða, sbr. 2. mgr., getur ávallt óskað eftir því að sveitarstjórn, byggðarráð eða viðkomandi nefnd samkvæmt samþykktum sveitarfélagsins taki ákvörðun í máli.

Þegar sveitarstjórn neytir heimildar skv. 2. eða 3. mgr. skal jafnframt kveðið á um það í samþykkt sveitarfélagsins hvernig fara skuli með endurupptöku mála sem hljóta afgreiðslu samkvæmt þessum ákvæðum.

2. gr.

Við 57. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Starfsmenn sveitarfélaga eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.